



## Fundargerð

Fundur í brunamála- og almannavarnanefnd Reykhólahrepps  
þriðjudaginn 9. september 2014 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru Herdís Erna Matthíasdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Ágúst Már Gröndal.  
Einnig sátu fundinn Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg B. Erlingsdóttir  
sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Herdís Erna Matthíasdóttir setti fundinn.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1409007 – Kosning formanns og varaformanns.

*Ágúst Már Gröndal kjörinn formaður og Herdís Erna Matthíasdóttir kjörin  
varaformaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

Hér tók kjörinn formaður við fundarstjórn.

#### 2. 1305001 – Fundargerð brunamála- og almannavarnanefndar 23. apríl 2013.

*Farið yfir fundargerðina.*

#### 3. 1409006 – Umsögn um drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða hjá Mannvirkjastofnun.

Erindi og tillögur frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 1. september 2014.

*Fyrir nefndinni lá greining á kostnaðarpáttum vegna nýrrar reglugerðar. Farið yfir þau  
gögn sem lágu fyrir. Nefndin gerir ekki athugasemdir við drög að nýrri reglugerð.  
Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1304033 – Brunavarnaáætlun Reykhólahrepps.

*Ný nefnd kynnir sér stöðu mála varðandi endurskoðun á brunavarnaáætlun  
sveitarfélagsins. Nefndarmenn kynna sér þau drög sem liggja fyrir. Formaður tekur að  
sér að endurskoða áætlunina skv. athugasemdum frá Mannvirkjastofnun.*

### Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____